84

Erindisbrjef

húsmóðurinnar í holdsveikraspítalanum í Laugarnesi.

1. gr.

Hún segir hjúkrunarkonunum, og þvottastúlkunum, þjónustunni og vökukonunni fyrir verkum. Hún ræður þvottakonu, þjónustu og vökukonu í víst og segir þeim upp. Hún fylgir lækninum á hverjum degi, þá er hann vitjar hinna holdsveiku, og sjer um, að skipunum hans sje hlýtt. Auk þess skal hún einhvern tíma seinna á deginum ganga í allar holdsveikra stofurnar og gæta þess, hvort allt er í rjettu lagi.

2. gr.

Hún veitir forstöðu þvottahúsinu, tekur við öllum óhreinum fatnaði o. s. frv., sem hjúkrunarkonurnar færa henni, og rjettir þeim aptur annað hreint í staðinn. Hún setur allt á skrá, það sem hún tekur við og lætur úti.

3. gr.

Hún tekur jafnan úr þvottinum alt það, sem viðgerðar þarf eða ónýtt er. Hún sér um viðgerðina en geymir hitt, sem ónýtt er, þangað til ráðsmaður hefir sjeð það, og fallizt á að sundra því.

4. gr.

Hún ber ábyrgð á öllum búsgögnum og fatnaði, sem ráðsmaður fær henni í hendur, og hefir það alt á einni skrá; á þessa skrá setur hún svo það, sem við bætist jafnóðum og það kemur og sömuleiðis hitt, sem lagt er niður.

5. gr.

Hún má ekki fara burtu af heimilinu án vitundar læknisins, og ber henni yfirleitt að framkvæma allt það, sem læknirinn segir henni fyrir.

6. gr.

Stórsír Odd-fellowreglunnar í Danmörku ræður húsmóðurina, en segir henni upp í samráði við yfirstjórn spítalans. Uppsagnarfresturinn er 6 mánuðir á báðar hliðar.

Reykjavík, 10. septbr. 1898.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.